

10100

VELVAKANDI
SVARAR Í SÍMA
10100 KL. 14-15
FRÁ MÁNUDEGI
TIL FÖSTUDAGS

Bjór: ógæfa þjóðarinnar

Magnús Guðmundsson, Strandgötu 3, Patreksfirði, skrifar:

Kæri Velvakandi.

Nokkur orð vegna skrifa Guðmundar Guðmundsonar, Húsavíkur, í Velvakanda 14. apríl sl., þar sem hann er furðu sleginn út af því, að ég fullorðinn maður, skuli vera á móti bruggun á sterkum bjór til sölu hér á landi, og vitnar til orða minna í Velvakanda þann 30. marz sl. Ég get nú ekkert séð furðulegt við það að fullorðinn maður sé á móti þessum ófögnuði, sem veldur ógæfu. Menn gætu frekar furðað sig á því að ég er ekki bindindis- maður og hef aldrei verið, en samt er ég á móti bjórnum. Hann upphéfur ekki þjóðina. Hann fremur niðurlægir hana, og það ættu full- orðnir menn að átta sig á eins og ég þegar ég er orðinn fullorðinn.

Ef bjórfrumvarpið verður sam- þykkt er það ógæfa þjóðarinnar að hafa kosið yfir sig óábyrga stjórn- málamenn því verði það gert er það gert í skjóli ábyrgðarleysis. Það er nefnilega sorgleg staðreynd að ráðherrar og þingmenn þessa lands virðast vera algjörlega ábyrgðarlausir vegna sinna at- hafna, eins og sannaðist fyrir stuttu þegar sjálfur forsætisráð- herra lýsti því yfir, að það hefðu verið pólitísk mistök að taka kaupgjaldsvísitöluna úr sam- bandi, en slík mistök hafa orsakað að búið er nú þegar að ræna lands- menn um milljarða króna.

Ég er ekki frá því, að ef ein- hverjir aðrir hefðu gert svona al-



Ef bjórfrumvarpið verður samþykkt, er það ógæfa þjóð- arinnar, segir bréfitari.

varleg mistök, væru þeir undir lás og slá. Ríkisstjórn sem svona er komið fyrir á þegar í stað að segja af sér. Henni er trúandi til þess að gera enn alvarlegri mistök.

Guðmundur upplýsir í skrifum sínum að þúsundir Íslendinga stundi þá iðju að brugga sterkan bjór, 6-8%. Sé svo, er ég viss um að þeirri iðju verður haldið áfram þótt bjórinn verði leyfður. En ég spyr: Hverjir bera ábyrgð á því að hér á landi er svona mikil bruggun í gangi eins og Guðmundur upplýsir? Eru það ekki „ráðamennirnir“ — ábyrgðarleysisgjarnir, sem stjórna innflutningnum og eiga að gæta laga og réttar?

Guðmundur segist hafa orðrétt eftir mér: „Númer eitt ölvun um allt land“. Þetta er ekki rétt, en orðrétt sagði ég: „Númer eitt ölvun við akstur um allt land“ ef bjórfrumvarpið verður samþykkt. Guðmundur telur að nær öll þjóð- in þrái að fá bjór inn í kælliskáp- ana á heimilunum, en það er auð- vitað hans eigin óskhyggja og vegna þess að ýmsar sálir ímynda sér að þjóðin óski eftir bjórnum er þess krafist að þjóðaratkvæða- greiðsla fari fram um málið.

Vilji þjóðarinnar skal vera grundvöllur að valdi ríkisstjórnar- innar. Fólkið á að skapa réttinn sjálf, annaðhvort til góðs eða ills. Með þessum orðum lýk ég þessu og greiði atkvæði mitt gegn sterkum bjór og bjórlíki á Íslandi.

Fatlað fólk er hluti af íslenska lýðveldinu


Steinunn Ásmundsdóttir skrifar: Velvakandi góður.

Nú þegar nýlengið er hjálpar- tækjasýningu fyrir fatlaða, get ég ekki stillt mig um að drepa niður penna og skrifa fáeinar línur. Sýn- ingin fannst mér mjög gott fram- tak. Þar sem tækniþróun er ör á okkar dögum, efast ég um að fatl- aðir geri sér fulla grein fyrir öll- um þeim nýjungum sem geta orðið þeim til hjálpar í sínu daglega lífi. Auðvitað kosta þessi hjálpartæki sitt og ég held að enginn geti sagt með góðri samvisku að örorkubæ- tur séu mannsæmandi hér á landi.

Ég freistast til þess að hugsa að forráða- og framkvæmdamenn þessarar þjóðar líti ekki á fatlað fólk sem hluta af íslenska lýðveld- inu. Það er einungis gert ráð fyrir fullfrísku fólki á tveimur jafn- fljótum, sem geta þrammað um alla stiga og ójöfnur yfirleitt.

Sjáði bara Þjóðleikhúsið okkar. Ég sá loksins fram á að góðri að- stöðu yrði komið upp fyrir hjóla- stóla við aðaldyr hússins og járn- grindafeluleiknum hætt í bakdyr- unum. Ekki var það nú aldeilis. Tröppurnar voru steyptar í sama mót á ný.

Eru fatlaðir ekki jafn réttháir og við hin? Af hverju fá þeir ekki að koma inn um aðaldyr Þjóðleik- hússins með rein eins og aðrir? Mér finnst þetta til háborinnar skammar. Og byggingarlöggjöfin gerir ráð fyrir lyftu í hverju húsi, sem er hærra en þrjár hæðir, en auðvitað byggja menn þá bara út á við í stað upp á við til að losna við lyfturnar. Allt er gert til að sleppa við eina lyftu, sem er ekki nema brotabrot af byggingarkostnaði eins húss. Það besta við þetta mál er svo að skrifstofa þeirra, sem sjá



Bréfitari vill að gert sé ráð fyrir fótluðu fólki í gegnum aðaldir Þjóðleikhússins en ekki inn um bakdyr.

um málefni fatlaðra, er á þriðju hæð í lyftulausu húsi.


Kæru arkitektar og byggjendur. Reynið að setja ykkur í spor þeirra sem þurfa að dása í sínu horni vegna íslensks skipulags. Einn góðan veðurdag gæti slys hent þig eða mig sem myndi e.t.v. leiða til lífs í hjólastól. Fyndist ykkur þá ekki skemmtilegra að gert væri ráð fyrir ykkur í þjóðfé- laginu, en ekki sem frelsissviptu fólki á einhverri stofnun?

Umræða varðandi þetta þjóð- þrifamál er örliðið að vakna en betur má ef duga skal. Hugsum og framkvæmum núna en ekki eftir þrjátíu ár. Þetta þolir ekki bið.

Að lokum langar mig að þakka Sigbrúði Pálsdóttur fyrir vasklega framgöngu í Kastljósi á dögunum. Mér fannst hún sýna mikið hug- rekki og styrk sem ég vona af öll- um hug að megi hjálpa fótluðu fólki og einnig þeim heilbrigðu til að reyna að skilja.

Söluturn til sölu

Til sölu nú þegar söluturn á mjög góðum stað við mikla umferðargötu í Reykjavík. Ársvelta ca. 9 millj. Mikill og góður tækjabúnaður og fallegar innrét- ingar. Tilboð sendist augl.deild Mbl. fyrir 30. apríl merkt: „Söluturn — 2884“.



GOODYEAR GERIR KRAFTAVERK

Til átaka sem þessa þarf gott jarðsamband. Það næst með GOODYEAR hjólbörðum. Gott samband jarðvegs og hjólbarda auðveldar alla jarðvinnu.



Eigum fyrirliggjandi eftirtaldir stærðir. HAGSTÆÐ VERÐ

600-16-6	16/70-20/10	13,6/12-28/6
650-16/6	9,5/9-24/6	14,9/13-28/6
750-16/6	11,2/10-24/6	16,9/14-28/8
900-16/10	12,4/11-24/6	16,9/14-28/10
750-18/8	14,9/13-24/6	18,4/15-28/12
10,0/75-15/8	19,5L-24/12	16,9/14-30/6
11,5/80-15/10	21L-24/12	16,9/14-30/10
1/L-16/10	18,4/15-26/10	18,4/15-30/10
12,5L-16/12	23,1/18-26/10	12,4/11-32/6
10,0/80-18/10	11,2/10-28/6	16,9/14-34/8
13,0/65-18/10	12,4/11-28/6	13,6/12-38/6

HEKLA HF
Laugavegi 170-172 Símar 21240-28080

GOODYEAR
GEFUR RÉTTA GRIPIÐ